

Kvikmyndaskóli Íslands Menntastofnun ehf.
Rósa Grímsdóttir
Víkurhvarf 1
203 Kópavogur



Reykjavík 27. mars 2015
UST201503-181/M.I.K.
09.06.01

Efni: Umsókn um leyfi til kvikmyndatöku við Rauðhóla fyrir stuttmynd

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Rósu Grímsdóttur frá Kvikmyndaskóla Íslands, dags. 20. mars 2015, vegna leyfis til kvikmyndatöku við Rauðhóla fyrir stuttmyndina Hefnd 29. mars 2015.

Rauðhólar voru friðlýstir sem fólkvangur sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 185/1974. Mannvirkjagerð og jarðrask er óheimilt á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing á verkefni:

Um er að ræða tökur á bardagasenu fyrir stuttmyndina Hefnd. Um er að ræða 3 leikara sem munu berjast með bitlausum vopnum. Að tökunum koma 12-15 manns. Myndavél verður á þrífæti og engin leikmynd. Ekki er gert ráð fyrir jarðraski á svæðinu. Tökur fara fram 29. mars og standa yfir í 2-3 tíma á tímabilinu 10:00-17:00.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur umfang verksins svo að það sé ekki leyfisskylt m.v. gefnar upplýsingar. Umhverfisstofnun fer þó fram á að umsækjandi tilkynni stofnuninni hvenær tökum er lokið. Eins hvar tökur fara fram innan fólkvangsins.

Umhverfisstofnun bendir sérstaklega á að samkvæmt 17. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, er bannað að aka vélknúnum ökutækjum utan vega.

Virðingarfyllst

Pórdís V. Bragadóttir

Pórdís V. Bragadóttir
Sérfræðingur

Birna Guttormsdóttir
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri